

**Ed.**

**521. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um afhending á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Jeg hefi ekki getað fylgst í öllu með samnefndarmönnum mínum í nefnd þeirri, er skipuð var í efri deild til að ihuga ofannefnt frumvarp. Fyrir því verð jeg að gera sjerstaklega grein fyrir afstöðu minni.

Jeg álit þá, að ekki verði hjá því komist, að leggja fram úr landssjóði alt að 10,000 kr. til að koma upp nýjum grafreit fyrir Reykjavík, af þeirri stærð, er ráð er fyrir gert í nefndarálti neðri deildar á þingskjali nr. 162. Og mun jeg því á sinum tíma greiða atkvæði með 1. og 2. grein í frumvarpinu.

Þar á móti álit jeg óeðlilegt og órjettlált að legkaup sje tekið upp eingöngu fyrir þá, er grafnir verða í kirkjugarði Reykjavíkur. Jeg tel rangt að leggja slíkan skatt á einn söfnuð landsins einungis, en sleppa öllum öðrum. Fyrir því mun jeg greiða atkvæði gegn 3. gr. frumvarpsins.

Hins vegar er það mín skoðun, að rjett sje að taka upp aftur legkaupið um alt land. Og ber jeg fram frumvarp um það.

Efri deild 24. ágúst 1915.

Björn Þorláksson.